



**134. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 1. september, 2005, kl. 17:30.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Ársreikningur Háubrekku ehf.
3. Erindi frá Impru nýsköpunarmiðstöð.
4. Erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.
5. Önnur mál.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

Hluthafafundur var haldinn í Ámundakinn ehf. 30. ágúst sl. Bæjarstjóri sótti fundinn f.h. bæjarins. Á fundinum var samþykkt að veita stjórn Ámundakinnar ehf. heimild til að ganga til viðræðna um kaup á húsgrunni að Efstubraut 2 (Votmúla) ásamt réttindum og skyldum, byggingu iðnaðarhúsnæðis og leigu á því.

2. Ársreikningur Háubrekku ehf.

Fram lagður ársreikningur Háubrekku ehf. Engin rekstur var á árinu þar sem Blönduósbær hefur keypt eignir félagsins.

3. Erindi frá Impru nýsköpunarmiðstöð.

Greint er frá því að fyrirhuguð eru Brautargengisnámskeið fyrir konur á landsbyggðinni. Markmið verkefnisins er að þátttakendur kynnist grundvallaratriðum stofnunar fyrirtækis. Óskað er að veittur verði 30.000 kr. fjárstyrkur á hvern þátttakanda frá svæðinu til stuðnings atvinnuuppbyggingar kvenna.

Bæjarráð samþykkir að leggja hverjum þátttakanda úr sveitarfélaginu 30.000,- kr í styrk.

4. Erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.

Sótt er um 50.000,- kr. framlag til Blönduóssbæjar.

Bæjarráð lítur erindið jákvæðum augum, felur bæjarstjóra að leita nánari upplýsinga og ganga frá erindinu.

5. Önnur mál.

a. Erindi frá Olís. *Forstöðumaður framkvæmdadeildar fer þess á leit við bæjaryfirvöld að fá leyfi til að setja upp bráðabirgða frístandandi skilti er sýnir eldsneytisverð ÓB stöðvarinnar við Hnjúkabyggð. Fram kemur að verið sé að hanna ný verðskilti til að koma upp í þríhyrningsstandinn sem stefnt er að koma upp fyrir áramót.*

Bæjarráð samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki skipulags- og bygginganefndar.



b. Samningur við Stoð ehf. verkfræðistofu um embætti byggingarfulltrúa.

Bæjarstjóri lagði fram drög að samningi við Eyjólf Þórarinsson, f.h. Stoðar ehf. verkfræðistofu um starf byggingarfulltrúa í Blönduósbæ.

Bæjarráð samþykkir að ráða Eyjólf Þórarinsson í hlutastarf í embætti byggingarfulltrúa. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi.

c. Hafíssetur. *Bæjarstjóri greindi frá fundi sem haldinn var með Þór Jakobssyni, veðurfræðingi og Birni G. Björnssyni, sýningarstjóra sl. sunnudag vegna uppbyggingar hafísseturs á Blönduósi. Fundinn sátu jafnframt forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs. Fram lögð drög að samningi við Björn G. Björnsson, sýningarstjóra.*

Bæjarráð vísar umræðu um hafíssetur á Blönduósi til nánari umfjöllunar í bæjarstjórn.

d. “Veðurspámaðurinn” eftir Ásmund Sveinsson. *Fram lögð drög að kaupsamningi við Listasafn Reykjavíkur vegna afsteypu af listaverkinu “Veðurspámaðurinn” (1939) eftir Ásmund Sveinsson.*

Bæjarráð vísar umræðu um listaverkið til nánari umfjöllunar í bæjarstjórn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)*